

## *Fjármála- og efnahagsráðuneytið*

---

### *M i n n i s b l a ð*

Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Sendandi: Fjármála- og efnahagsráðuneytið  
Dagsetning: 9. nóvember 2020  
Málsnúmer: FJR19080049  
Bréfalykill: 3.6

Efni: Umsagnir um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum (varnarlína um fjárfestingarbankastarfsemi)

Fjármála- og efnahagsráðuneytið vísar til erindis formanns efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 6. nóvember sl., þar sem þess er óskað að ráðuneytið sendi nefndinni minnisblað þar sem fram komi afstaða til athugasemda í innsendum umsögnum um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum (varnarlína um fjárfestingarbankastarfsemi).

Nefndinni hafa borist tvær umsagnir um frumvarpið, frá Hagsmunasamtökum heimilanna annars vegar og Samtökum fjármálafyrirtækja hins vegar.

Í umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna kemur fram að frumvarpið feli ekki í sér aðskilnað viðskipta- og fjárfestingarbankastarfsemi heldur aðeins takmörkun á tveimur tegundum viðskipta af þeim fjölmörgu sem geti fallið undir skilgreiningu á fjárfestingarbankastarfsemi. Með frumvarpinu eru aðeins lagðar til takmarkanir á stöðutöku kerfislega mikilvægra viðskiptabanka og sparisjóða í fjármálagerningum og hrávörum. Með tilliti til þess markmiðs frumvarpsins að takmarka áhættu innstæðueigenda og ríkissjóðs telur ráðuneytið ekki þörf á að takmarka áhættuminni fjárfestingarbankastarfsemi, svo sem fyrirtækjaráðgjöf og eignarstýringu.

Í umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna eru einnig reifuð sjónarmið um útgáfu sértryggðra skuldabréfa og um að kröfum Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta verði veitt lögveð í eignum banka. Þeim tillögum verður ekki mætt við meðferð fyrirbyggjandi frumvarps og er því ekki tekin afstaða til þeirra í minnisblaði þessu.

Í umsögn Samtaka fjármálafyrirtækja eru færð rök fyrir því að lagasetningin sé ónauðsynleg, meðal annars vegna annarra lagabreytinga sem takmarka áhættu fjármálafyrirtækja, og að ekki liggja traustar fræðilegar forsendur að baki þeirri útfærslu sem lögð sé til í frumvarpinu.

Frumvarpinu er ætlað að vinna gegn því að áhættusöm fjárfestingarbankastarfsemi kerfislega mikilvægra banka skapi áhættu fyrir innstæðueigendur og ríkissjóð. Að mati ráðuneytisins má almennt ætla að takmörkun á áhættusamri fjárfestingarbankastarfsemi kerfislega mikilvægra banka geti gagnast sem liður í að takmarka áhættu innstæðueigenda og ríkissjóðs og auðvelda úrlausn á vandkvæðum banka, meðal annars með því að einfalda aðskilnað nauðsynlegrar viðskiptabankastarfsemi frá öðrum starfsþáttum við endurreisn eða skilameðferð. Á móti kann hún að draga úr stærðarhagkvæmni og þjónustuframboði kerfislega mikilvægra viðskiptabanka og möguleikum á áhættudreifingu með fjölbreyttari tekjustofnum. Hún kann einnig að verða til þess að starfsemi færist til aðila sem sæta ekki jafn ríku eftirliti og þannig minnkað yfirsýn eftirlitsaðila. Að færa starfsemi á fleiri hendur getur þó einnig aukið samkeppni og þannig komið viðskiptavinum til góða.

Útfærsla frumvarpsins byggist á tillögu í [hvítbók um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið](#) frá desember 2018 sem aftur byggðist á [tillögum um skipulag bankastarfsemi á Íslandi](#) sem nefnd sem fjármála- og

efnahagsráðherra skipaði skilaði í janúar 2018. Horft var til þess að takmarka áhættumikla fjárfestingarbankastarfsemi án þess að leggja óþarfa kvaðir á lánastofnanir. Mörkum við 15% er ætlað að hefta vöxt áhættumikillar fjárfestingarbankastarfsemi kerfislega mikilvægra banka án þess að raska núverandi starfsemi þeirra eða koma niður á möguleikum þeirra vinna á að vinna úr fullnustueignum og veita gagnlega þjónustu á borð við viðskiptavakt og sölutryggingu. Sú leið sem var valin hefur einnig þann kost að hún styðst við gildandi viðmið Fjármálaeftirlitsins um könnunar- og matsferli og krefst ekki mjög umfangsmikillar eða flókinnar lagasetningar.